



ÞJÓNUSTUSAMNINGUR  
AKUREYRARBÆJRA OG  
KNATTSPYRNUFÉLAGS AKUREYRAR  
2019 - 2023

## **Þjónustusamningur**

**Akureyrarkaupstaður, kt. 410169-6229 (í samningi þessum nefndur Akureyrarbær) og Knattspyrnufélag Akureyrar (í samningi þessum nefnt KA), kt. 700169-4219 gera með sér samning um þjónustu sem félagið leggur fram í bæjarfélaginu.**

### **I. Markmið samnings**

#### **1.gr.**

Markmið Akureyrarbæjar með samningnum er að stuðla að því að öll börn og ungmenni eigi þess kost að iðka heilbrigt og metnaðarfullt íþrótt- og tómstundastarf við sem hagstæðust skilyrði óháð efnahag fjölskyldna.

Aðalstjórn KA ber ábyrgð á framgangi samningsins og fær til þess fast framlag sem ákvarðað er við gerð fjárhagsáætlunar Akureyrarbæjar ár hvert, skv. 5. gr.

### **II. Þjónustuframlag KA**

#### **2.gr.**

KA býður upp á skipulagða íþróttþjálfun á Akureyri og veitir öðrum nauðsynlega þjónustu sem óska eftir að nýta sér þjónustu KA. Auk hefðbundins þjónustuframlags deilda félagsins í skipulagðri íþróttþjálfun er KA tilbúið til samstarfs við hlutaðeigandi aðila um rekstur íþróttaskóla fyrir börn í 1.-4. bekk grunnskóla, sbr. fylgiskjal nr. 1.

#### **3.gr.**

KA skal reka skrifstofu sem hefur yfirstjórn með faglegu starfi félagsins í samstarfi við framkvæmdastjóra félagsins og hefur það hlutverk að halda utan um skipulagt starf félagsins, fjárreiður og bókhald mannvirkja og deilda þess eins og lög um bókhald gera ráð fyrir. Önnur verkefni skrifstofu og hlutverk KA eru gerð skil í fylgiskjali nr. 1.

#### **4. gr.**

KA fær til úthlutunar tíma í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar í samræmi við tímaúthlutunarreglur ÍBA og Akureyrarbæjar.

### **III. Framlög og greiðslur**

#### **5.gr.**

Framlag Akureyrarbæjar til KA samkvæmt samningi þessum er í samræmi við „Forsendur fyrir framlagi til faglegs starfs íþróttfélaga“ skv. fylgiskjali nr. 2.

Árið 2019 er framlag til KA skv. flokki VI (900-1199 iðkendum), alls **kr. 7.000.000**. Framlagið er endurskoðað árlega m.t.t. breytinga á iðkendafjölda/forsendum sbr. fylgiskjal nr. 2.

Þessar fjárhæðir eru með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði á fjárhagsáætlun hvers árs.

Greiðslur fyrir þjónustuna á hverju ári skal greiða fyrirfram, mánaðarlega, í tólf jöfnum greiðslum og skal síðasti virki dagur hvers mánaðar teljast gjalddagi.

Skilyrði fyrir greiðslum er að KA hafi staðið skil á ársreikningi og ársskýrslu til Akureyrarbæjar og Íþróttabandalags Akureyrar í samræmi við samning þennan.

#### 6.gr.

Verði veruleg breyting á forsendum, taka aðilar upp viðræður um breytingar á framlagi Akureyrarbæjar og umfangi verkefna í því skyni að laga þau að breyttum aðstæðum. Breytingar skulu þó ávallt vera gerðar með 6 mánaðar fyrirvara. KA á ekki kröfu á bæjarsjóð eða rétt á bótum þótt framlag Akureyrarbæjar til samningsins skv. 6.gr. verði lækkað eða fellt niður samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Sbr 14.gr. skal Akureyrarbær gefa KA sex mánaða fyrirvara og getur ekki fellt niður eða breytt framlagi sínu fyrr en að þeim tíma liðnum.

### IV. Gæðaviðmið

#### 7.gr.

KA skal starfa í samræmi við stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglunga og hafa áætlun í fræðslu- og forvarnarmálum. Félagið skal starfa eftir íþróttastefnu Akureyrarbæjar, íþróttanámskrá Íþróttabandalags Akureyrar og fyrirmyndarféлага ÍSÍ.

Þjóða skal upp á faglegt starf sem tekur mið af grunnþáttum barnvænna sveitarfélaga, sjá <http://barnvaensveitarfelog.is/barnvaen-samfelog/grunnthaettir-barnvaenna-sveitarfelaga/>

Íþróttadeild Akureyrarbæjar og Íþróttabandalag Akureyrar fylgjast með að farið sé eftir gæðaviðmiðum, sjá fylgiskjal nr. 3.

### V. Upplýsingaskylda KA og önnur ákvæði

#### 8.gr.

Í síðasta lagi í júní ár hvert skal KA skila ársreikningi og ársskýrslu síðasta starfsárs um starfsemi félagsins til Íþróttabandalags Akureyrar og deildarstjóra íþróttamála sem eru eftirlitsaðilar með samningi þessum af hálfu Akureyrarbæjar (sjá tillögur að efnistöku ársskýrslu í fylgiskjali nr. 4). Í ársskýrslunni skal tilgreint hvernig framlagi þessa samnings var varið.

Bókhald barna- og unglíngastarfs og meistara- og eldri flokka skal vera aðskilið.

#### 10.gr.

Samningur þessi fellur undir „Reglur um styrkveitingar Akureyrarkaupstaðar“. Ákvæði þeirra reglna gilda fyrir þennan samning.